

Norðfirðingur

I. töl. Árgangur: 35

2009

MUNIÐ:

- **Sólarkaffi og aðalfundur.**
Í Fella- og Hólakirkju þann 1. febrúar kl. 14:00
- **Rokkhátíðin á Broadway.**
Hlið árlega Austfirðingaball verður haldið á Broadway þann 13. febrúar n.k.
- **Heimasíða félagsins.** Skoðið nýja glæsilega heima-síðu félagsins. www.nordfirdingafelagid.is
- **Tölvupósföng:** Sendið okkur tölvupóstfangið ykkar til steini@hafro.is. Slíkt auðveldar að senda rafræn skilaboð til félagsmanna um atburði á vegum félagsins.

Í Fréttabréfinu bls

| | |
|--------------------------------|---|
| Frá stjórn | 2 |
| Heimasíðan | 2 |
| Myndir Björns Björnssonar | 2 |
| Dagatölin | 3 |
| Rokkveislan | 3 |
| Hugmyndir | 3 |
| Þáttakendur í afmælishátíðinni | 4 |
| Tilkynningar | 4 |

Vel heppnuð afmælishátíð !

Norðfirðingafélagið var stofnað 20. nóvember árið 1968. Félagið átti því 40 ára afmæli í haust. Menningarkvöld félagsins var sett á samkvæmt dagatali félagsins þann 13. nóvember. Hátíðin var tvískipt, annarsvegar tónlistarveisla þann 13. nóvember og lista- og málverkasýning helgina 15.-16. nóvember sem bar heitið "Úr fórum Norðfirðinga".

Tónlistarveislan

Tónleikarnir voru haldnir fimmtudaginn 13. nóvember kl 20:00 í Fella og Hólakirkju. Gísli Gíslason setti hátíðina og fól Erni Óskarssyni að kynna tónlistaratriðin, sem hann gerði mjög skemmtilega. Kirkjan var nærri fullsetinn, en hún tekur 350 í sæti. Gestir kunnu vel að meta það sem í boði var. Margir litu á listasýninguna í hléi og gæddu sér á sælgæti í boði Nóa Síríusar og Freyju.

Flutningur tónlistarmanna sem flestir voru norðfirskir var frábær. Þessir tónleikar voru teknir upp og á félagið því

upptökuna af þessum eftirminnilega atburði.

Úr fórum Norðfirðinga

Á laugardeginum 15. nóvember var vel mætt á listasýninguna og eitthvað á annað hundraðið af vöflum fór ofan í gesti. Alda Ármanna kynnti bók sem hún var að gefa út um sig og list sína. Sonarsonur hennar lék einnig frumsamið lag á gítar. Bókin og list hennar féll gestum vel í geð.

Álíka fjöldi fólks kom á sunnudaginn, en þá stóð Þorsteinn Sigurðsson fyrir kynningu á nýrri nýtiskulegri heimasíðu Norðfirðingafélagsins. Sýningin stóð til kl. fimm báða dagana. Seinni daginn sóttu þátttakendur sínar myndir og gekk vel að ganga frá.

Stjórn Norðfirðingafélagsins þakkar öllum þeim er tóku þátt í að gera hátíðina svo veglega sem og öllum þeim sem heiðruðu hátíðina með nærveru sinni. Það er gefandi að taka þátt í félagsstarfi þegar viðtökur bæði sýnenda og gesta eru eins góðar og voru á þessari hátíð.



Kynnir kvöldsins Örn Óskarsson



Guðjón Þorláksson og Sigurður Þorbergsson



Jón Gunnarsson og Jón Rösmann Mýrdal

Sólarkaffi og aðalfundur 1. febrúar

Sólarkaffi og aðalfundur Norðfirðingafélagsins verður haldið í Fella- og hólakirkju þann 1. febrúar n.k. kl 14:00. Á síðustu árum hefur verið

mjög góð mæting.

Stjórn Norðfirðingafélagsins vonast til að sjá sem flesta þann 1. febrúar n.k. Það er alltaf hressandi að hitta Norðfirðinga



Sólarkaffi 2008.



Sólarkaffi 2008.
F.v. Hlin Aðalsteinsdóttir, Auður Sveinsdóttir, Lilja Aðalsteinsdóttir og Hákon Aðalsteinnsson.



ORKAN
BENSIN



Gísli Gíslason

Sólarkaffi Norðfirðingafélagsins

Fella- og Hólakirkja
1. febrúar kl. 14:00.

Fjölmennum og
tökum með okkur
bakkelsi til að gera
sólarkaffið sem
veglegast!

Stjórnin

Frá stjórn Norðfirðingafélagsins.

Síðasta starfsár hefur verið viðburðarríkt en starfsemin er í nokkuð föstum skorðum. Ég vil hér fara yfir nokkra þætti sem eru fastir liðir í starfseminni.

Fréttabréfið hefur verið gefið út síðan 1977, misoft þó en algengt er að 4 bréf séu gefin út árlega. Nú er þetta bréf sett upp með hjálp forritsins Microsoft Publisher, sem til er í flestum heimilis-tölvum. Fréttabréfið er nauðsynlegt til að koma skilaboðum til félagsmanna um atburði félagsins og annað.

Laugardagskaffi félagsins er fyrsta laugardag í mánuði og hefur fest sig rækilega í sessi. Það er ávallt haldið á Kaffitár í

Kringlunni. Jón Karlsson eða Hákon Aðalsteinsson eru til staðar þar. Mæting er allt frá nokkrum einstaklingum upp í nokkra tugi.

Menningarkvöld félagsins hefur verið vel sótt á síðustu árum. Forsenda fyrir þessu er velvilji norðfirskra listamanna til félagsins sem og áhuga félagsmanna.

Dagatalið 2009 er fjórða dagatalið sem félagið gefur út. Þessu framtaki hefur verið vel tekið, enda vandað til verka og ríkulega skreytt af myndum úr heimabyggð.

Heimasíða félagsins. Á öld ljósvakans er nauðsynlegt að hafa virka heimasíðu og hér neðar á síðunni er grein um

heimasíðuna. Mikilvægt verkefni er að fá tölvupóstföng allra félagsmanna.

Sólarkaffi og aðalfundur verður haldið 1. febrúar í ár. Sólarkaffi á sér ríka hefði hjá áttahagafélugum sem eiga rætur í stöðum sem há fjöll geyma. Það er von okkar að við sjáum sem flesta og fólk taki með sér kökur og pönnukökur o.s.frv.

Annað. Þann 20. desember er árlega kyrrðarstund í Fella- og Hólakirkju. Á sjómanna-daginn er kaffi-samsæti á Kaffi Reykjavík og félagið hefur staðið fyrir ýmsum göngu-ferðum. Þannig hefur starfsemi verið fjölbreytt og verður vonandi áfram.

Gísli Gíslason formaður.

Heimasíðan: www.nordfirdingafelagid.is

Ný og glæsileg heimasíða var formlega vígð á afmælishátíð félagsins þann 16. nóvember 2008.

Þorsteinn Sigurðsson hefur haft veg og vanda af þeirri vinnu en síðan er hönnuð af fyrirtækinu Skrefum framfar sem Norðfirðingurinn Kristján J. Kristjánsson á og rekur en hann býr á Selfossi.

Þorsteinn og Kristján eru báðir innfæddir Norðfirðingar, Þorsteinn sonur Helgu Axels á Ekru. Kristján er sonur Boggu á Sjónarhól og Kristjáns Jónssonar

frá Harðangri. Við höfum því mjög góðan vef sem byggður er á norðfirsku hugviti.

Hver og einn getur fengið aðgang að síðunni og sett inn texta og myndir um sig og sína, nú eða annað. Við hvetjum alla til að nýta sér þetta og glæða þar með síðuna enn meira lífi. Til að fá aðgangsorð, þá hafið samband við Þorsteinn Sigurðsson, sími 8221709, tölvupóstur: steini@hafro.is

Af heimasíðu félagsins:




Leikrit í Nesskóla 1955



Norðfjörður 1960



Hvað er norðfirskara en börn á bryggju að veiða



Ríggaróbb. Frændurnir Baldvín Þorsteinsson, sonur Steina á Ekru sem sungið er um í Ríggaróbb og Þorsteinn Sigurðsson stjórnarmaður í Norðfirðingafélaginu

Myndir Björns Björnssonar komnar á heimasíðuna.

Á aðalfundi 7. nóvember 1969 var eftirfarandi fært til bókar:

“Í skýrslu formanns kom m.a. fram að félagið hefur samið um kaup á öllu mynda- og filmusafni Björns Björnssonar ljósmyndara, þess er á einhvern hátt er viðkomandi Norðfirði. Er Björn um þessar mundir að hefja gerð myndanna. Filmusafnið verður afhent að Birni fráfallnum. Það er skoðun forsvaramanna Norðfirðingafélagsins að hér sé um að ræða mjög merkjar heimildir varðandi atvinnulíf, þróun bæjarins og fleira, skráð í formi ljósmynda allt frá árinu

1915. Telur stjórn félagsins að myndasafn þetta þurfi að vera til sem heild og hefur í því sambandi komið fram sú hugmynd að safnið verði varðveitt í sérstakri deild byggðarsafns á Norðfirði er væntanlega mun rísa á næstu árum.”

Myndir Björns Björnssonar eru varðveittar í Héraðsskjalasafni Neskaupstaðar hjá Guðmundi Sveinssyni. Á amælishátíðinni í haust voru sýndar myndir úr þessu safni sem vöktu mikla lukku. Í framhaldi voru fengnar fleiri myndir og þær settar á vefinn. Í dag

er því hægt að skoða margar myndir frá Norðfirði eftir hinn þekktu ljósmyndara Björn Björnson eldri.

Það er mikill fengur fyrir félagið að hafa þessar myndir á heimasíðunni. Ekki síður er dýrmætt fyrir alla Norðfirðinga að geta skoðað þessar myndir, sem eru ómetanlegar heimildir um sögu staðarins, sem okkur öllum þykir svo vænt um.

Dagatöl Norðfirðingafélagsins vel tekið

Árið 2009 er fjórða dagatal sem Norðfirðingafélagið gefur út. Á hverju dagatali hefur verið þema í myndum og í ár er þema félagasamtök á Norðfirði eftir 1960.

Félagið hefur fengið fjölmörg jákvæð viðbrögð við dagtalinu og er það hvatning til að halda þessari útgáfu áfram. Félagið

hefur notið styrkja frá fyrirtækjum úr heimabyggð við gerð dagatalsins.

Mikilvægur þáttur í útgáfu dagatalsins er ekki einungis að sýna góðar myndir tengdar Norðfirði heldur einnig að merkja inn á dagatalið alla viðburði á vegum félagsins á almanaksárinu.

Hólmfríður G. Guðjónsdóttir hefur haft yfirumsjón með gerð dagatalsins. Það er von okkar að útgáfa dagatalsins haldi áfram næstu árin.



Hólmfríður G. Guðjónsdóttir

Rokkveisla austfirðinga á Broadway 13. febrúar

Tónlistarveisla austfirðinga í Reykjavík er að þessu sinni helguð gamla rokkinu frá 1950-1964. Rokkveisla síðasta árs á Norðfirði var jólasýning með jólalögum og því er þessi sýning sérstaklega sett upp fyrir brottflutta og gesti þeirra sem hafa jafnan fjölmennt á Broadway. Það er stórhljómsveit Ágústar Ármanns sem sér um undirleik í sýningunni.

Hljómsveitina skipa auk Ágústar Ármanns, Jón Hilmar Kárason, Marias B. Kristjánsson, Viðar Guðmundsson, Helgi Georgsson og Einar Bragi Bragason ásamt brottfluttum tónlistarmönnum að austan.

Söngvarar í sýningunni eru: **Smári Geirsson, Guðmundur R. Gíslason, Hálfván Steinþórsson, Hlynur Benediktsson, Bjarni Freyr Ágústsson, Heiðrún Helga Snæbjörnsdóttir, Stella Steinþórsdóttir, Sigurjón Egilsson, Jóhanna Seljan, Sigfús Ó Guðmundsson, Soffía Björgúlfsdóttir og Bjarni Halldór Kristjánsson.**

Kynnar í sýningunni eru **Ágúst Ármann og Smári Geirsson.**

Boðið er upp á veislumáltíð fyrir sýningu.

Einnig er hægt að kaupa miða sérstaklega á sýningu og dansleikinn.



Rokkveislan

Miðapantanir á Broadway í síma 533-1100.

Allar nánari upplýsingar veitir Guðmundur R. Gíslason bgbros@simnet.is.

FJÖLMENNUM!

Rokkveisla

verður haldin á Broadway, föstudaginn 13. febrúar

Miðapantanir á Broadway í síma 533-1100.

Allar nánari upplýsingar veitir Guðmundur R. Gíslason bgbros@simnet.is

Sólarkaffi

Norðfirðingafélagsins

Fella- og Hólakirkja
1. febrúar kl. 14:00.

Fjölmennum

Tölvupóstföng:

Félagsmenn skráið
tölvupóstföng ykkar hjá
steini@hafro.is

Það auðveldar stjórninni að
koma skilaboðum til
félagsmanna.

Hugmyndir um annað sem Norðfirðingafélagið gæti gert?

Það er gæfa fyrir félagsskap eins og Norðfirðingafélagið að hafa lífað í 40 ár og haldið á köflum úti blómlegri starfsemi. Stjórn félagsins hefur velt fyrir sér hvaða nýja þætti mætti hugsanlega bæta við starfsemi félagsins.

Eitt sinn voru haldin síldarböll en þau lögðust af. Í gamla daga voru haldnar veglegar árshátíðir sem einnig lögðust af. Það má segja að rokkhátíðin á Broadway komi að einhverju leyti í stað þess-

ara skemmtana.

Samfélagið breytist ört og það er mikilvægt og eðlilegt að starfsemi félaga taki breytingum í takt við breytta tíma.

Það hefur verið rætt á meðal stjórnarmanna hvort halda eigi þorablót á norðfirskan hátt, þ.e. með trogum o.þ.h. ? Nú eða jafnvel endurvekja síldarkvöldin ?

Stjórn Norðfirðingafélagsins er opin fyrir öllum góðum hugmyndum. Það er ögrun á

21. öldinni að halda blómlegri starfsemi í litlu áttahagafélagi í Reykjavík sem ber nafnið Norðfirðingafélagið ! Allar hugmyndir eru vel þegnar.



Laugardagskaffi Norðfirðingafélagsins



Aðalfundur

Norðfirðingafélagsins

verður haldinn í Fella- og Hólakirkju þann 1. febrúar n.k. Kl. 14:00

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningur
3. Önnur mál

Stjórnin

Rokkveisla

verður haldin á Broadway, föstudaginn 13. febrúar

Miðapantanir á Broadway í í síma 533-1100.

Allar nánari upplýsingar veitir Guðmundur R. Gíslason

bgbro@simnet.is

Samúðarkort

Rósa Skarphéðinsdóttir selur samúðarkort frá Norðfjarðarkirkju

Sími 477 1415
GSM 860 3556



Tölvupóstföng:

Félagsmenn skráið tölvupóstföng ykkar hjá steini@hafro.is

Það auðveldar stjórninni að koma skilaboðum til félagsmanna.

Úgefandi: Norðfirðingafélagið www.nordfirdingafelagid.is

Símar:
Gísli Gíslason: 8980991
Þorsteinn Sigurðsson: 8221709
Birna Hilmarsdóttir 862 8510
Hólmfríður G. Guðjónsdóttir 6648234
Gunnar K. Guðmundsson 840 3003
Jón Karlsson 896 6378

Norðfirðingafélagið afmælishátið 2008



f.h. Norðfirðingafélagsins, kveðja Gísli Gíslason, formaður.

Sólarkaffi Norðfirðingafélagsins
1. febrúar kl. 14.00
Fella– og Hólakirkja

